



Reykjavík 29. ágúst 2013

Niðurstaða athugunar á framkvæmd breytinga á hjónalíftryggingum hjá Líftryggingafélagi Íslands hf.

Að fenginni ábendingu athugaði Fjármálaeftirlitið framkvæmd Líftryggingafélags Íslands hf. á fyrirkomulagi hjónalíftrygginga. Breytingarnar fólust í því að í stað einnar hjónalíftryggingar voru gefnar út endurnýjunarkvittanir fyrir tvær einstaklingstryggingar hvors aðila um sig.

Fjármálaeftirlitið taldi að framangreindar breytingar væru slíkar að jafna mætti við slit váttryggingarsamnings, þ.e. gerð tveggja nýrra einstaklingstrygginga í stað hjónalíftryggingar. Var það mat Fjármálaeftirlitsins að þessar breytingar væru því háðar upplýstu samþykki váttryggingartaka.

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004 getur félag ekki slitið váttryggingarsamningi í öðrum tilvikum en greinir í 84. gr. laganna ef um líftryggingu er að ræða. Samkvæmt 63. gr. laganna er óheimilt að víkja frá ákvæðum laganna með samningi ef það leiðir til lakari stöðu váttryggingartaka eða váttryggðs.

Þar sem skilmálar og iðgjöld hinna nýju einstaklingstrygginga voru þau sömu og giltu vegna hjónalíftryggingarinnar taldi Fjármálaeftirlitið breytingarnar ekki leiða til lakari stöðu váttryggingartaka í skilningi 63. gr. laga um váttryggingarsamninga. Hins vegar taldi Fjármálaeftirlitið að skort hefði á upplýsingagjöf til váttryggingartaka og öflun samþykkis áður en ráðist var í breytingarnar. Var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að slík framkvæmd samræmdest hvorki tilvísuðum ákvæðum laga um váttryggingarsamninga né 6. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi varðandi góða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum.

Af þessum sökum og á grundvelli 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gerði Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur og fór fram á að félagið upplýsti váttryggingartaka um breytingarnar.

Að teknu tilliti til þess að umræddar breytingar leiddu ekki til lakari stöðu váttryggingartaka, afstöðu félagsins til málsins og athugunarinnar að öðru leyti taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til að beita félagið viðurlögum vegna brots gegn 6. gr. laga um váttryggingastarfsemi.